

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi

Erindi nr. P 139/278/

komudagur 26.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Hallveigarstöðum, 24. maí 2011.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni), þskj. 1374 – 778. mál.

Kvenréttindafélagi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp.

Kvenréttindafélagið lýsir almennri ánægju með frumvarpið og þá umfangsmiklu og vönduðu vinnu sem liggur að baki því. Þær breytingar sem þar eru lagðar til eru á heildina til bóta og sumar til fyrirmyndar, s.s. sú viðbót við 1. kafla laganna um réttindi barnsins, ásamt viðbótum við 4. og 7. greinar laganna sem fjalla um inntak forsjár annars vegar og forsjá stjúp- og sambúðarforeldra hinsvegar.

Þó að Kvenréttindafélagið telji frumvarpið vera heilt yfir skref í framfararátt, eru nokkur atriði sem félagið telur að gaumgæfa megi betur. Á meðal nýmæla þess er að foreldrum verði framvegis gert skylt að leita sátta, áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, umgengni, dagsektir eða aðför, sbr. 12. grein frumvarpsins. Getur sýslumaður boðið slíka skyldubundna sáttameðferð, en aðilum máls er einnig heimilt að leita til annarra sem hafa sérfræðipækkingu í sáttameðferð og málefnum barna. Samhliða er gert ráð fyrir að sýslumanni verði nú heimilt en ekki skylt, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, að bjóða aðilum forsjár-, umgengis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf, sem miðar að því að veita upplýsingar um hvað barninu sé fyrir bestu, sbr. 11. grein frumvarpsins.

Af athugasemdum við frumvarpið að dæma, er hér verið að bregðast við félagslegri þróun sem lýsir sér m.a. í aukinni tíðni hjónaskilnaða og sambúðarslita þó svo að skiptar skoðanir séu á því hvort vænlegt sé til árangurs að skylda aðila til að taka þátt í sáttameðferð eða hvort árangur sé alfarið háður því að báðir séu reiðubúnir af fúsum og frjálsum vilja til að taka þátt í öllu ferlinu. Jafnframt er tekið fram að við setningu núgildandi laga hafi ýmsir umsagnaraðilar mælt með því að foreldrum yrði gert skylt að leita sátta.

Þó að brugðið geti til beggja vona varðandi árangur, sér Kvenréttindafélagið að svo stöddu ekki efni til að leggjast gegn þeirri aðgreiningu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á milli annars vegar valkvæðrar ráðgjafar sem foreldrum stendur til boða á ólíkum stigum forsjárdeilna og hins vegar skyldubundinnar sáttameðferðar, áður en forsjárdeilur koma til kasta framkvæmdar- eða dómvaldsins.

Kvenréttindafélagið vill af þessu tilefni þó vekja athygli á þeim greinarmun sem gera verður á milli ráðgjafar og sáttaumleitunar. Erfiðar forsjárdeilur geta oftast en ekki átt rætur að rekja til heimilisofbeldis. Reynslan sýnir þá, sér í lagi sé um langvarandi og dulið ofbeldi að ræða, að í flestum tilvikum hallar á þolandann í sáttaumleitunum með þeim afleiðingum að skilnaður eða sambúðarslit ná ekki þeim tilætlaða árangri að rjúfa vítahring ofbeldisins.


Kvenréttindafélagið leggur því til, að við 4. mgr. 12. gr.: "... , nema rökstuddur gruni vakni um eða sýnt sé fram á að heimilisofbeldi hafi átt sér eða ofbeldisfullt háttarlag af sambærilegum toga". Málsgreinin hljóði því í heild sinni svo: "Foreldrar skulu mæta sjálfir á þá sáttafundi sem sáttamaður boðar til, nema rökstuddur gruni vakni um eða sýnt sé fram á að heimilisofbeldi hafi átt sér eða ofbeldisfullt háttarlag af sambærilegum toga".

Jafnframt er lagt til að við síðustu málsgrein 12. gr. bætist: "... , ásamt sérstökum úrræðum vegna heimilisofbeldis eða rökstudds gruns þar um." Málsgreinin hljóði því í heild sinni svo: "Ráðherra setur nánari reglur um sáttameðferð, svo sem um hæfi sáttamanna, framkvæmd og vottorð um sáttameðferð, ásamt sérstökum úrræðum vegna heimilisofbeldis eða rökstudds gruns þar um."

Þá gæti frumvarpinu verið áfátt hvað forræðismál foreldra í óskráðri sambúð varðar. Kvenréttindafélagið fær ekki betur séð en að meginforsenda frumvarpsins nái til hjóna og fólks í skráðri sambúð. Nú kunna þær aðstæður að skapast sem frumvarpið fjallar um hjá fólki sem hefur í sameiningu alið upp barn, en er þó ekki í skráðri sambúð. Beinir félagið þeirri fyrirspurn til velferðarnefndar, hvort hún sjái ástæðu til að gera á frumvarpinu bragarbót að þessu leyti, geti það í óbreyttri mynd leitt af sér óvissu um réttarstöðu hjá t.a.m. nýbökkuðum foreldrum í óskráðri eða óvígðri sambúð, komi til sambandslita.

Að lokum langar Kvenréttindafélaginu að þessu gefna tilefni vekja athygli á að í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að konur sem búa einar með börnum sínum eru margfalt fleiri en karlar í sömu stöðu. Hver sem skýringin á því er, má velta fyrir sér hvort útkoman yrði önnur ef ábyrgð foreldra á börnum þeirra væri jafnari frá upphafi, þ.e. strax við fæðingu barnsins. Þrátt fyrir fæðingarorlof sem veitir bæði fedrum og mæðrum jafnan orlofsrétt, þá er staðreyndin sú að mun meiri ábyrgð á umönnun barna hvílir á mæðrum þeirra, sem getur svo aftur ákvarðað forsjá og dvalarstað (lögheimili) síðar meir ef til skilnaðar foreldra eða sambanslita kemur. Með þessu vill Kvenréttindafélagið benda á að leggja þyrfti aukna áherslu á að foreldrar deili ábyrgð á umönnun barna sinna frá fyrstu tíð.

f.h. Kvenréttindafélags Íslands



Halldóra Traustadóttir
framkvæmdastjóri